

## Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

### 4. fundur stýrihóps

**Staður:** Þeistareykir

**Tími:** 18. janúar 2017 kl. 10:50-12:55

#### Mætt voru:

##### Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun

Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun

Engilráð Ósk Jónsdóttir, Landsnet

Hjalti Jóhannesson, RHA

Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ferðamálasamtökum Þingeyjarsveitar

Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi

Þorsteinn Gunnarsson, Skútstaðahreppi

##### Starfsmenn:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Dagbjört Jónsdóttir fulltrúi Þingeyjarsveitar boðaði forföll.

Helena Eydís stýrði fundi. Gréta Bergrún ritaði fundargerð.

---

### **1. Setning og kynning á meðlimum stýrihóps.**

Jóhanna Harpa Árnadóttir setti fundinn og í kjölfar þess kynntu fundarmenn sig. Fjórir fulltrúar sátu stýrihópsfund í fyrsta skipti. Það voru Jóhanna Harpa, Engilráð Ósk, Jóna Björg og Þorsteinn.

### **2. Upphafsskref Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi**

Óli Halldórsson fór yfir forsögu verkefnisins í stuttu máli.

### **3. Fjölgun eigenda - Eigendasamkomulag – staða – hlutverk stýrihóps**

Jóhanna Harpa Árnadóttir kynnti drög að eigendasamkomulagi og skipuriti verkefnisins.

Eigendur verkefnisins munu mynda stjórn þess. Stýrihópur og verkefnisstjóri munu meðal annars hafa það hlutverk að gera tillögur til stjórnar sem mun taka ákvarðanir um framgang verkefnisins svo sem breytingar á framvindu, kostnaðaráætlun og verkefnisáætlun.

Unnið er að samkomulagi um aðkomu að eigendahóp.

### **4. Staða verkefnis: Samráð, tillaga að vísun, framsetningu gagna. Næstu skref.**

Helena Eydís Ingólfssdóttir kynnti þá vinnu sem farið hefur fram frá því stýrihópur kom síðast saman í janúar 2016.

Samráðsferli var kynnt og sagt frá úrvinnslu þess og niðurstöðum s.s. vísam, væntingum og áhyggjum íbúa. Dæmi um framsetningu gagna voru kynnt ásamt næstu skrefum. Þessi skref eru helst að fylgja eftir ákvörðunum stýrihóps um fyrirkomulag vefsíðu (sjá nánar í lið 5), taka ákvörðun um vísa verkefnisins, hefja vöktun og birtingu gagna.

### **5. Tillaga um fyrirkomulag vefsíðu**

Helena Eydís Ingólfssdóttir kynnti 4 kosti um fyrirkomulag vefsíðu:

1. Vefur með Sjálfbærni-verkefninu á Austurlandi
  - A) Á sama grunni
  - B) Á nýjum grunni
2. Vefur á grunni í eigu Landsvirkjunar
3. Vefur á nýjum grunni

*Stýrihópur leggur til að óskað verði eftir samstarfi við Sjálfbærni-verkefnið á Austurlandi um sameiginlegan vef. Verkefnastjóra falið að rita stýrihóp Austurlandsverkefnisins bréf þar um.*

### **6. Umræða um svæðisskiptingu**

Helena Eydís Ingólfssdóttir fór yfir svæðisskiptingu í verkefninu. Fyrir liggur að setja niður þrjú meginsvæði við gagnaöflun og framsetningu sem unnið verði með í þeim vísam sem við á. Lögð var fram tillaga um lítilla breytt skil milli svokallaðs „Miðsvæðis“ og „Austursvæðis“ frá því sem áður hafði verið ráðgert. Til þessa hefur verið unnið með mörk þessara svæða um Jökulsá á Fjöllum, en með því er hvort tveggja sveitarfélagi og póstnúmeri skipt í tvennt sem getur torvelað gagnaöflun. Því er lagt til að skil á milli Miðsvæðis og Austursvæðis miðist við eystri sveitarfélagamörk Tjörneshrepps og Norðurþings í stað Jökulsár á Fjöllum.

*Tillagan er samþykkt.*

### **7. Umræður um vísa, m.a. í ljósi umfjöllunar um United Silicon í Helguvík**

Helena Eydís Ingólfssdóttir kynnti og varpaði fram spurning um hvort atvik áþekk þeim sem hafa komið upp í Helguvík gefi tilefni til þess að huga að umhverfisvísam Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi.

Gagnleg umræða fór fram um kvaðir í starfsleyfum og vöktunaráætlunum sem og eftirlit með starfsemi. Ekki þótti tilefni til að huga að vísunum að svo stöddu. Fram kom þó frá fulltrúa Norðurþings að mögulega ætti sveitarfélagið að fara þess á leit við Umhverfisstofnun að loftgæðaeftirlit verði endurskoðað og bætt í þéttbýlinu á Húsavík. Úrbætur af því tagi gætu haft áhrif á möguleika verkefnisins til vöktunar loftgæða, sem verði þá skoðað þegar og ef kæmi til slíkra aðgerða.

Fleira var ekki á dagskrá en í samhengi við umræðu um lið 7 var rætt um stöðu og hlutverk verkefnisins þ.e. markmið þess, tilgang og hvort verkefnið ætti að „flagga“ ef einhverjir vísar innan þess sýndu frávik frá sjálfbærni án þess að niðurstaða fengist.

Að loknum fundi fór hluti fundarmanna í vettvangsferð um Þeistareykjasvæði undir leiðsögn Hreins Hjartarsonar starfsmanns Landsvirkjunar.

**Fundi slitið 12:55**